

Steinunn Þóra Árnadóttir þingmaður  
Haraldur Benediktsson þingmaður  
Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Akureyri 26. júlí 2019

Viðbrögð við ráðgefandi álti siðanefndar – Anna Kolbrún Árnadóttir.

**Eins og fram hefur komið hef ég nú þegar gert ýmsar athugasemdir við meðferð málsins alls.**

Efnisatriði er snúa að minni persónu sérstaklega og siðanefnd tekur til umfjöllunar fjalla um orðfærið „Freyja eyja“. Ég vil í því sambandi segja að vissulega var ég að vitna til ákveðinnar persónu. Það var þó ekki gert í niðrandi hætti frekar en þau viðurnefni sem viðhöfð eru gagnvart öðrum persónum með sérstök einkenni eða gegna stöðum í þjóðfélaginu sem gera það að verkum að viðkomandi verður áberandi í umræðunni. Ég tek undir það álit siðanefndar að viðurnefni eru oft af ýmsum toga, stundum ríma viðurnefnin við nafn viðkomandi, eins og var raunin í þessu samhengi. Ekkert annað lá að baki. Þetta ítrekaði ég í sameiginlegu svarbréfi okkar sem sent var 17. maí síðastliðinn:

„Anna Kolbrún Árnadóttir hafnar því þó alfarið að í orðanna samhengi í einkasamtali sé það brot á siðarreglum að taka sér í munn orðin Freyja eyja. Uppnefni eru oft átíðum viðhöfð um stjórnmálamenn sem dæmi: Steingrímur skalli, Anna panna og Guðmundur jaki. Í umræddu tilviki fól uppnefnið auk þess ekki ísér illmælgí eins og fram hefur komið í fjölmöldum og 7 og 8 ætti að vera ljóst ef þeir hefðu leitast við að kynna sér heildarmyndina“.

Ég hringdi í Freyju Haraldsdóttur 2. desember 2018 án árangurs þar sem ég hafði, m.a. í hyggju að biðja hana afsökunar svo ég kom skilaboðum til hennar sama dag þar sem ég óskaði eftir því að fá að heyra í henni. Hún valdi að svara mér ekki.

Til þess að varpa frekara ljósi á tilurð þessara ummæla tel ég rétt að rekja hvernig þau eru tilkomin. Þegar ég kom til starfa í þinginu varð fljótlega ljóst að þingmenn Miðfloksins fengju starfsaðstöðu á 5tu hæð í Austurstræti 8–10. Þingfloksformanni barst póstur um óskir varðandi það sem betur mætti fara í sambandi við starfsaðstöðuna. Ég óskaði eftir því við léturn fjarlægja veggstubba eða „eyju“ við innganginn sem hindrar mjög aðgengi fatlaðs fólks. Bent var á að það væri illmögulegt fyrir okkur að fá heimsókn fólks sem notast þyrfti við hjólastól.

Þegar Freyja Haraldsdóttir tók sæti á Alþingi voru gerðar breytingar á ræðustól Alþingis. Ég taldi af sömu ástæðum eðlilegt að gerðar yrðu breytingar á skrifstofu aðstöðunni svo hún yrði öllum aðgengileg. Nefnt var að það væri t.a.m. með öllu ómögulegt fyrir Freyju að koma í heimsókn á skrifstofuna en á þeim tíma hafði hún verið gestur velferðarnefndar, þar sem ég á sæti. Eftir þessa umræðu kallaði einhver hindrunina Freyju eyju. Aðgengishindrunin var stundum kölluð því nafni í framhaldinu þegar rætt var um mikilvægi þess að fjarlægja hana. Þannig ertilvísunin til komin en alls ekki í háðungarskyni. Orðalagið varð fyrst til vegna krafna minna um að aðgengi að skrifstofuhúsnæði þingsins yrði bætt.

Tilurð ummæla minna um Freyju Haraldsdóttur áttu því ekki við hana sjálfa heldur urðu þau til í Alþingi í kjölfar þess að breytingar þurfti að gera á húsnæði Alþingis til þess að fatlaðir sem notast við hjólastól gætu haft þar aðgengi.

Ferill málsins

Allur málatilbúnaður þessa máls hefur verið mjög sérstakur og virðist rekinn af sérstaklega miklum þrótti af forseta Alþingis svo ekki er annað hægt að álykta sem svo en að forseti Alþingis sé á persónulegri pólitiskri vegferð. Haldið var áfram með málið þrátt fyrir að Persónuvernd hafi dæmt gögnin og öflun þeirra ólögmæt. Ég viðraði álit mitt á ferli málsins í viðtali við RÚV. 16. janúar 2019.

Anna Kolbrún Árnadóttir